

Stjörnugrís hf
Saltvík 1
162 Reykjavík

Reykjavík, 13.12.2023
UST202302-116/K.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. nóvember 2023 – Stjörnugrís að Brautarholti

Þann 17. nóvember 2023 fór fram eftirlit í Stjörnugrís að Brautarholti. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávik eru opin frá fyrri eftirlitum:

Engir útreikningar eða greining hefur verið framkvæmd á heildarmagni köfnunarefnis og fosfórs sem losað er sem úrgangsefni né losun ammóníaks í andrúmsloft. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa verið fengnir erlendir aðilar til að framkvæma útreikningana. Samkvæmt úrbótaáætluninni áttu niðurstöður fyrir árið 2021 að liggja fyrir um síðustu áramót. En niðurstöður útreikninganna fyrir árið 2021 hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

Meira en 5 ár eru liðin frá síðustu rannsókn á efnainnihaldi ómeðhöndlaðs úrgangs/mykju (blauthluta) fyrir skiljun og meðhöndlaðs úrgangs/mykju eftir skiljun (þurrhluta). Rætt hefur verið við aðila innanlands um að rannsaka innihald mykju fyrir og eftir skiljun og var niðurstaðna að vænta um miðjan desember 2022 samkvæmt úrbótaáætluninni. Í eftirlitinu kom fram að þetta hefur enn ekki verið framkvæmt.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila er bent á að uppfæra upplýsingar um aukaafurðir dýra í græna bókhaldinu.
2. Rekstraraðila var bent á að yfirfara upplýsingar sem fram koma í útstreymisbókhaldinu um magn af ryki sem kemur frá starfseminni, einnig að upplýsingar um losun á heildarköfnunarefni og heildar fosfór í bæði vatn og land vantar í útstreymisbókhaldið sé losunin yfir viðmiðunarmörkunum í viðauka II í reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um skil á grænu bókhaldi. Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun 26. júlí 2023. Frávikinu telst því lokið.

2. Gr. 2 í reglugerð 990/2008 um skil á útstreymisbókhaldi. Útstreymisbókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Útstreymisbókhald barst Umhverfisstofnun þann 30. júní 2023. Frávikinu telst því lokið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. janúar 2024.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur